



MANNVIT

Samgönguskipulag og sjálfbærni

Gerð samgöngumats eða samgöngulýsingar við skipulagsgerð og ferðavenjuáætlun fyrir svæði

Ólöf Kristjánsdóttir, samgönguverkfræðingur M.Sc., fagstjóri samgangna – olof@mannvit.is



Skýrsluna er hægt að nálgast á vefslóðinni: www.mannvit.is/um-mannvit/utgefið-efni/skyrslur

Eða með því að skanna QR-kóðann

Samgöngur í skipulagsgerð í Bretlandi

Í skipulagsgerð í Bretlandi er fjallað um hvernig stuðla beri að sjálfbærum samgöngum í skipulagsgerð og að samgöngumál eigi að skoða strax í upphafi skipulagsgerðar, til að

- möguleg áhrif uppbyggingarinnar á samgöngukerfið séu tekin til umfjöllunar.
- sjá tækifæri í núv. samgönguinnviðum og breytingum í samgöngutækni, t.d. varðandi hvaða stærð, staðsetningu og þéttleika byggðar er hægt að koma fyrir.
- tækifæri til að stuðla að göngu, hjóltreidum og almenningssamgöngum séu skilgreind og fylgt eftir.
- umhverfisáhrif umferðar og samgönguinnviða séu metin, þ.a.m. tækifæri til að draga úr neikvæðum áhrifum og bæta umhverfið.
- leiðaval, götur, bílastæði o.fl. sé samþætt hönnun skipulagsins og stuðli að gæðum þess.

Einnig segir að staðsetningarval uppbyggingar ætti að styðja við þessi markmið. Velja ætti staðsetningar sem geta verið sjálfbærar, m.þ.a. lágmarka þörf fyrir ferðir og bjóða upp á raunverulega valkosti í ferðamátavali. Þetta getur hjálpað til við að minnka umferðarteppur og útblástur, og bæta loftgæði og lýðheilsu. Gera ætti þá kröfu að fyrir alla uppbyggingu sem mun framkalla töluvert magn ferða verði gerð ferðavenjuáætlun (Travel plan) og að skipulagstillaga ætti að vera studd með samgöngulýsingu (Transport statement) eða samgöngumati (Transport assessment).

Samgöngumat eða samgöngulýsing

Samgöngumat/-lýsing meta áhrif samgangna vegna uppbyggingar og leggja til mótvægisáðgerðir sem stuðla að sjálfbærni. Sveitarfélög ákveða umfangið en m.a. ætti að skoða;

- upplýsingar um nálæg svæði og gatnnetið;
- núv. framboð almenningssamgangna;
- mat á ferðum sem myndast, fyrir alla samgöngumáta, m.a. flæði í gatnamótum, slyskrár, mat á umhverfisáhrifum, áðgerðir til að bæta aðgengi;
- stefnu um bílastæði;
- leiðir til að draga úr þörf fyrir ferðir;
- áðgerðir til að draga úr áhrifum samgangna (bæta almenningssamgöngur o.fl.).

Algengt er að farið sé í nákvæma hönnun á skipulagi á undan gatnahönnun sem getur leitt til vandamála. Mælt er með að samgönguverkfræðingar séu að fullu með frá byrjun, þ.a. samþykkt deiliskipulag geti farið í gegnum tæknilega hönnun án mikilla breytinga.

Kröfur um samgöngumál í skipulagsgerð á Íslandi

- Skv. skipulagslögum skal gera grein fyrir áhrifum skipulags á umhverfið. Til að uppfylla þessa kröfu varðandi samgöngur þarf að gera ítarlegar greiningar og samanburð valkosta.
- Í Skipulagsreglugerð mætti skoða að bæta við leiðbeiningum um gerð skjala á borð við ferðavenjuáætlun og samgöngumat/-lýsingu.
- Í leiðbeiningum um deiliskipulagsgerð mætti skoða að gefa skýrari leiðbeiningar um hversu mikilla samgöngugreininga er krafist m.v. umfang skipulags.

Mikilvægt er að samgöngur og skipulag séu hugsuð í samhengi frá upphafi t.a. lágmarka ferðaþörf, stytta ferðir og sem auðveldast sé að uppfylla ferðaþörf með almenningssamgöngum, göngu og hjóltreidum.

